

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

Árnes, Hamragerði 1, 10, 12 og 14, deiliskipulagsbreyting.

Um er að ræða breytingu á deiliskipulagi sem tekur til lóða Hamragerðis 1, 10, 12 og 14 í Árnesi. Í breytingunni felst að notkun lóða Hamragerðis 12 og 14 er breytt úr einbýlishúsalóðum í raðhúsalóðir. Notkun Hamragerðis 10 helst óbreytt sem einbýli en lóðin stækkar lítillega auk þess sem göngustígur á milli Hamragerðis 10 og 12 er felldur út úr skipulaginu. Nýtingarhlutfall par- og raðhúsalóða við Hamragerði verður 0,4 og bílastæðum fjölgar í samræmi við fjölgun íbúða. Samhliða er bílastæðum bætt við á lóð Hamragerðis 1.

Samþykkt í sveitarstjórn 7. maí 2025.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 16. maí 2025.

Skipulagsfulltrúi Umhverfis- og tæknisviðs uppsveita bs.,
Vigfús Þór Hróbjartsson.

B deild - Útgáfudagur: 2. júní 2025